



Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Breiðdalsvík, Fjarðabyggð

Guðný Zoëga

Rannsóknarskýrslur 2023/5

Forsíðumynd: Horft til norðausturs yfir deiliskipulagssvæðið.

© Guðný Zoëga.

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Tilgangur fornleifaskráningar	4
Aðferðafræði	5
Breiðdalsvík – ágríp af sögu	7
Fornleifaskrá	8
Minjar á og við Selnes	8
Horfnar minjar með hnitum	13
Minjar vestanvert í Breiðdalsvík.....	20
Óstaðsettar minjar	27
Samantekt.....	28
Minjar í landi Selness.....	28
Minjar í bæjarlandinu.....	28
Hættumat.....	29
Lokaorð	29
Heimildaskrá	30

Inngangur

Að beiðni Fjarðarbyggðar var unnin fornleifaskráning á afmörkuðu deiliskipulagssvæði í þéttbýlinu Breiðdalsvík. Árið 2003 var fornleifaskráning unnin vegna aðalskipulags Breiðdalsvíkur og þar sem sömu minjar hafa verið skráðar fylgir eldra númer með í skýrslunni.¹ Vegna 100 ára reglu laga um menningarminjar hefur nokkur fjöldi fornleifa bæst við síðan sú skýrsla kom út. Guðný Zoëga, fornleifafræðingur, sá um skráningu, úrvinnslu og skýrsluskrif. Björn Björgvinsson og Bryndís Zoëga lásu skýrsluna yfir.

Upplýsingar veittu eftirtaldir heimildamenn:

Björn Björgvinsson frá Höskuldsstaðaseli.

Sævar Björgvin Sigfússon, Breiðdalsvík.

Þórður Þorgrímsson frá Selnesi.

Heimildamenn við skráninguna 2003

Guðjón Sveinsson frá Þverhamri †

Heimir Þór Gíslason frá Selnesi †

Heimildamenn fá innilegar þakkir fyrir aðstoðina.

Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 2981

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða fyrirhugaðra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga nr. 80 frá 29. júní 2012.² Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar

¹ Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga og Anna Rut Guðmundsdóttir (2004) *Fornleifaskráning vegna aðalskipulags Breiðdalshrepps*. Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga 2004/29.

² Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megir um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsgöðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsétt.

Aðferðafræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar eða bæjarins eða svæðisins sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnaúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer. Hér fá fjárhús við Selnesbót t.d. númerið [2981-001]. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Verkefnaúmer frá Minjastofnun Íslands er 2981.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. hóbýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðræktar eða landrofs. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat í þessu tilfelli miðast aðallega við legu minja innan þéttbýlis.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tækjum sem gefa nákvæmni undir 1m í skekkju.

Afstöðumynd af minjum er að finna í meginmáli en yfirlitsmynd af minjum/jörðinni er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaðan aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minja, þar sem hún er þekkt, gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93). Loftmyndir af svæðinu eru frá Loftmyndum ehf, fengnar hjá sveitarfélaginu Fjarðabyggð.



Mynd 1. Yfirlitsmynd yfir skráningarsvæðið. Hvítu kassarnir sýna afmörkun yfirlitsmynda aftast í skýrslu. Rauða útlínan afmarkar deiliskipulagið skv. upplýsingum frá Fjarðabyggð. Gulir punktar sýna staðsetningu minja þar sem hún er þekkt.



Mynd 2. Selnesbærinn á loftmynd frá 1957. Á myndinni má sjá númer minja sem enn voru sýnilegar þegar loftmyndin var tekin. Loftmynd: LMI-Kort-LI222-LI2-5239

Breiðdalsvík – ágríp af sögu

Í Breiðdal, líkt og víðar á Austfjörðum, hófst um aldamótin 1900 að myndast þéttbýli út við ströndina. Kaupþúnið Breiðdalsvík dregur nafn af vikinni sem það stendur við en það byggðist út úr landi jarðarinnar Þverhamars. Þverhamars er fyrst getið í bréfi frá 1483.³ Þá var jörðin í eign Skriðuklausturs en í jarðatali 1847 er hún í bændaeign, metin 24 hundruð að dýrleika.⁴ Nokkur fjöldi býla byggðist út úr Þverhamri þar með talið Selnes, frumbýlið í þéttbýlinu Breiðdalsvík. Selnesbærinn stóð á samnefndu nesi austanvert við vík sem nefnd er Selnesbót. Þar var löngum tvíbýli og búið fram yfir miðja 20. öld en bærinn hefur nú verið rifinn og þarna eru nú iðnaðarbyggingar. Nokkur tími leið þar til næsta íbúðarhús var byggt en það hét Ás reist á árunum 1922-1923. Ás stendur enn og er búið í því.

Fyrsta húsið sem byggt var í Breiðdalsvík var hinsvegar vöruhús Gránufélagsins, Félagshúsið, reist við vestanverða Selnesbót skömmu eftir 1880. Árið 1896 reisti svo Brynesverslun á Seyðisfirði verslunar- vöru- og íbúðarhús við Selnesbót austanverða og var þá í fyrsta sinn heilsárs viðvera verslunarstjóra við víkina. Það hús brann 1906 og sama ár var reist nýtt verslunarhús skammt frá Félagshúsinu.⁵ Það hús stendur enn og hýsir Háskólasetur Íslands á Breiðdalsvík. Þéttbýlið í Breiðdalsvík er því fremur ungt og engar vísbendingar um eldri byggð í bæjarlandinu, hvorki ritheimildir né fornleifar. Breiðdalsvík var skilgreint sem kaupþún 1945⁶ en varð hluti af sveitarfélaginu Fjarðabyggð 2018.⁷

³ Íslenskt fornbréfasafn. VI, bls. 482-3.

⁴ Jarðatal Johnsens, bls. 377.

⁵ Þorsteinn Stefánsson, Breiðdæla, bls. 184.

⁶ Sveitir og jarðir í Múlaþingi, 3. bindi, bls. 298.

⁷ Heimisíða Fjarðabyggðar: <https://www.fjardabyggd.is/fjardabyggd/um-fjardabyggd/saga-fjardabyggdar>

Fornleifaskrá

Minjar á og við Selnes

Breiðdalsvík 2981-015

Hlutverk: Óþekkt, kofi

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tóftir tveggja smákofa liggja hlið við hlið um 20m austur af bílaverkstæði við Selnes 30.

Lýsing

Syðri tóftin er ógleggri, rétt um 2x2m að utanmáli. Dyr hafa vitað í vestur. Veggir eru hæstir um 20cm og 40cm á þykkt.



Mynd 3. Horft til NV yfir tvennar kofatóftir norðan túns á Selnesi. Í forgrunni er ógleggri tóft eða þúst [2981-015] en gleggri kofatóft [2981-016 er fjær].

Breiðdalsvík 2981-016

Hlutverk: Óþekkt, tóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tóftir tveggja smákofa liggja hlið við hlið um 20m austur af bílaverkstæði við Selnes 30. Tóftin er algróin grasi.

Lýsing

Nyrðri tóftin er greinilegri. Hún snýr austur-vestur, er 2,5x3m að utanmáli og opin til vesturs. Veggir eru mest 40cm á hæð og 50cm á breidd. Tóftin er algróin grasi.

Aðrar upplýsingar

Kofinn er enn uppistandandi á loftmynd frá 1957 (LMI-Kort-LI222-LI2-5239).

Breiðdalsvík 2981-017

Eldra númer: 182076-184 - 78

Hlutverk: Fjárhús, fjós?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tóft er austan megin við matjurtagarð [2981-019] og stendur syðst á Klapparholti, um 60m norðaustan við bæjarstæði Selnesbæjar.

Lýsing

Ógreinileg ferhyrnd tóft, um 4 x 8m að utanmáli. Snýr na-sv. Syðri



Mynd 4. Í forgrunni er fjárhústóft [2981-017] en í bakgrunni er skemman sem nú er á bæjarstæði Selnesbæjar.



Mynd 5. Minjar sem fundust á vettvangi í landi Selness.

skammveggur er greinilegastur, aðrir veggir illa farnir. Dyr hafa verið á húsinu á suður langvegg.

Aðrar upplýsingar

Í undirmati fasteigna frá 1916-1918⁸ (bls. 356) er talað um peningshús „Peningshúsin eru með torfveggjum, flest með járnvörðu þaki. Þau rúma 3 naut, 4 hesta og 220 fjár, hlöður 130 hesta heys.“ Vera kann að þetta sé undirstaða eins þessara húsa. Húsið sést ekki á túnakorti og er því líklega yngra. Við skráningu 2003 taldi Guðjón Sveinsson þetta hafa verið fjós en Heimir Þór segir að í sínu minni hafi húsið verið notað undir garnaveikt sauðfé.



Mynd 6. Horft til austurs yfir tóftaleifar í norðaustanverðu túni á Selnesi.

Breiðdalsvík 2981-018

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Leifar túngarðs er að finna austan götunnar um 20m austur af þar sem gamli Selnesbærinn stóð.

Lýsing

Garðlagið liggur á um 16m löngum kafla frá vestri til austurs þar sem það beygir og liggur í boga á um 20m löngum kafla til SA. Garðurinn er ógleggri á þeim kafla sem hann liggur austur-vestur en annars er hann allt að 50cm á hæð og um 70cm á breidd. Garðurinn endar við vírgirðingu sem afmarkar tún austanvert á Selnesinu.

Aðrar upplýsingar

⁸ Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands: <http://jardavefur.skjalasafn.is/fasteigna--og-jardamat/#pg-1>

Garðurinn fylgir útlínu túns við Selnesbæinn eins og hún er sýnd á túnakorti frá 1919. Hann sést mögulega á mynd af heyskap á Selnesi um 1905.⁹

Breiðdalsvík 2981-019

Eldra númer: 182076-184 - 81

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Leifar af matjurtagarði er 30m austur af veginum um Selnes. Garðlagið afmarkar um 8x15m stórt svæði sem stemmir við mælingu garðsins af hnitsettu túnakorti.

Lýsing

Um 25m langt, ógreinilegt garðlag myndar eystri hlið matjurtagarðs en túngarðurinn [2982-018] myndar vesturhlið. Garðlagið er lágt um 20cm á hæð og 30cm breitt, líklega undan girðingu.

Aðrar upplýsingar

Á túnakorti eru sýndir tveir matjurtagarðar austan við Selnesbæ. Vestari garðurinn var um 60m beint austur af Selnesbænum. Um er að ræða vestari garðinn á kortinu en sá austari er nú horfinn (sjá mynd 7).



Mynd 7. Túnakort Selnesbæjar frá 1919. Matjurtagarðar eru merktir með dökkrauðu á kortinu. Klettabrík skiptir túninu í tvennt. Vinstri garðurinn er [2981-019], hægri garðurinn [2981-025] er nú horfinn í tún.



Mynd 8. Þúst [2981-019], horft í vestur.

Breiðdalsvík 2981-020

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðhættir

Um 50m beint austur af þar sem gamli Selnesbærinn stóð er ferköntuð þúst

Lýsing

Um er að ræða grunn undan byggingu sem hefur legið norður-suður. Grunnurinn er 5m langur og 3m breiður. Hann sést vel á loftmynd frá 1957 (LMI-Kort-LI222-LI2-5239) en þá er byggingin horfin.

⁹ Sarpur: <https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=1696453>

Breiðdalsvík 2981-021

Eldra númer: 182076-184 -
77

Hlutverk: Fjós?

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti 1919 var útihús u.þ.b. 70m suður af Selnesbænum.

Lýsing

Þarna eru leifar grjóthleðslu sem gætu verið af húsinu sem sjá má sunnarlega í túni á túnakortinu. Hleðslan er þó mjög skemmd og ekki hægt að greina upprunalega veggjahæð eða þykkt.

Aðrar upplýsingar

Á þessum stað má sjá hús á túnakorti frá 1919. Við skráningu Þverhamarslands 2003 fundust minjarnar ekki en heimildamaður, Heimir Þór Gíslason taldi mannvirkið sem sýnt er á túnakorti hafa verið fjós.



Mynd 9. Fjós? 2981-021

Horfnar minjar með hnitum

Breiðdalsvík 2981-024

Eldra númer: 182076-184 - 76

Sérheiti: Selnes

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Selnesbærinn stóð skammt ofan fjöruborðs austan við Selnesbót þar sem nú er skemma á Selnesi 19.

Aðrar upplýsingar

Selnes var nýbýli úr Þverhamri stofnað 1906 og metið sem hluti af Þverhamarslandi. Þar var löngum tvíbýlt. Árið 1952 var nýbýlið Holt stofnað úr Selneslandi og fjárhúsbygging sem enn stendur austast í gamla Selnes túninu tilheyrir því.¹⁰

Byggingum á Selnesi er lýst þannig í undirmati fasteigna frá 1916-1918¹¹ (bls. 356): „Íbúðarhús, 8,82x6,3x6m. Tvílyft timburhús járnvarið með kjallara. Peningshúsin eru með torfveggjum, flest með járnvörðu þaki. Þau rúma 3 naut, 4 hesta og 220 fjár, hlöður 130 hesta heys.“



Mynd 10. Selnesbærinn [2981-024], ljósmynd tekin af mynd í eigu Björns Björgvinssonar.

Breiðdalsvík 2981-025

Eldra númer: 182076-184 - 82

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti eru sýndir tveir matjurtagarðar austan við Selnesbæ. Austari garðurinn var um 100m beint austur af Selnesbænum. Hann lá vestast í túni austan svokallaðs Klapparholts. Þarna er núna sléttuð tún og garðurinn er horfinn.

Aðrar upplýsingar

Hnit eru tekin af hnitsettu túnakorti og því kann að skeika einhverjum metrum

Breiðdalsvík 2981-026

Hlutverk: Skurður

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Skurður er sýndur á túnakorti Selness um 130m suður af Selnaesbæ. Skurðurinn er nú horfinn undir seinni tíma mannvirki.

Aðrar upplýsingar

Hnit eru tekin af upprétu túnakorti og því kann að skeika einhverjum metrum

¹⁰ Sveitir og jarðir í Múlaþingi, bls. 293-294.

¹¹ Jarðavefur Þjóðskjalafns Íslands: <http://jardavefur.skjalasafn.is/fasteigna--og-jardamat/#pg-1>

Breiðdalsvík 2981-027

Hlutverk: Híbýli, verslunarhús

Tegund: Heimild

Aðrar upplýsingar

Í grein Þorsteins Stefánssonar í Breiðdælu¹² segir að 1896 hafi Brynesverslun á Seyðisfirði reist verslunar og íbúðarhús efst í austanverðri Selnesbót. Þar settist að Bjarni Siggeirsson og var fyrsti búsetti verslunarstjórinn í Breiðdal. Þetta hús brann 1906 og sama ár var byrjað að reisa nýtt verslunarhús vestar í Selnesbót. Það hús varð síðar kaupfélag en þar er nú aðsetur Rannsóknaseturs Háskóla Íslands í jarðfræði. Hnit er tekið eftir lýsingu og því getur skeikar um einhverja metra.



Mynd 11. Verslunar og íbúðarhús [2981-027] Brynesverslunar við Selnesbót. Mynd tekin af ljósmynd í eigu Björns Björgvinssonar.

Breiðdalsvík 2981-028

Eldra númer: 182076-184 - 78

Hlutverk: Óþekkt, útihús

Tegund: Heimild

Aðrar upplýsingar

Á túnakorti eru tvær byggingar sýndar í túnskika austanvert á Selnesi. Þarna eru nú fjárhús og sléttuð tún og engin ummerki lengur um tóftirnar. Samkvæmt túnakorti var vestari tóftin um 100m austur af bæjarhúsinu. Hnit eru tekin af hnitsettu túnakorti og því getur skeikað um nokkra metra. Þarna er líklega um að ræða eitt þeirra útihúsa sem getið er í fasteignamati 1916-18, en hlutverk þess er óþekkt. Þessi tóft sést ekki á loftmynd frá 1957.

Aðrar upplýsingar

Búpeningshúsum á Selnesi er lýst þannig í undirmati fasteigna frá 1916-1918¹³ (bls. 356): „Peningshúsin eru með torfveggjum, flest með járnvörðu þaki. Þau rúma 3 naut, 4 hesta og 220 fjár, hlöður 130 hesta heys.“

Breiðdalsvík 2981-029

Eldra númer: 182076-184 - 79

Hlutverk: Óþekkt, útihús

Tegund: Heimild

Aðrar upplýsingar

Tvær tóftir eru sýndar í túnskika austanvert á Selnesi. Þarna eru nú fjárhús og sléttuð tún og engin ummerki lengur um tóftirnar. Samkvæmt túnakorti var eystri tóftin um 140m austur af

¹² Þorsteinn Stefánsson, Saga verslunar í Breiðdal, bls. 183.

¹³ Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands: <http://jardavefur.skjalasafn.is/fasteigna--og-jardamat/#pg-1>

bæjarhúsinu. Hnit eru tekin af hnitsettu túnakorti og því getur skeikað um nokkra metra. Þarna er líklega um að ræða eitt þeirra útihúsa sem getið er í fasteignamati 1916-18, en hlutverk þess er óþekkt. Húsið sést enn uppistandandi á loftmynd frá 1957 (LMI-Kort-LI222-LI2-5239).

Aðrar upplýsingar

Búpeningshúsum á Selnesi er lýst þannig í undirmati fasteigna frá 1916-1918¹⁴ (bls. 356): „Peningshúsin eru með torfveggjum, flest með járnvörðu þaki. Þau rúma 3 naut, 4 hesta og 220 fjár, hlöður 130 hesta heys.“

Breiðdalsvík: 2981-030

Hlutverk: Skurður

Tegund: Heimild

Aðrar upplýsingar

Á túnakorti Selness má sjá skurð um 50m SA af Selnesbæ. Skurðurinn er nú horfinn vegna framkvæmda.

Breiðdalsvík: 2981-031

Hlutverk: Fjárhús, fjós, hlaða, hrútakofi

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing.

Á loftmynd frá 1957 (LMI-Kort-LI222-LI2-5239) má sjá þyrpingu samstæðra útihúsa um 40m NA af gamla Selnesbænum. Þarna má enn sjá einhverjar mishæðir á 9x12m stóru svæði. Engin glögg veggjalög voru þó greinanleg.

Aðrar upplýsingar

Sævar Björgvin Sigfússon man eftir húsunum. Þarna voru útihús frá Selnesi og nýbýlinu Holti (skipt út úr Selnesjörðinni 1952). Vestasta húsið var fjárhús og fjós frá Selnesi. Miðhúsið var hlaða frá Holti og austasta húsið var kallað Hrútakofinn (sjá mynd 14).

Breiðdalsvík 2981-032

Hlutverk: Skurður

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Skurður er sýndur á túnakorti Selness um 160m suður af Selnesbæ. Skurðurinn er nú horfinn undir seinni tíma mannvirki.

Aðrar upplýsingar

Hnit eru tekin af hnitsettu túnakorti og því kann að skeika einhverjum metrum

Breiðdalsvík: 2981-033

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

¹⁴ Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands: <http://jardavefur.skjalasafn.is/fasteigna--og-jardamat/#pg-1>

Á ljósmynd af Selnesbænum frá um 1911¹⁵ má sjá byggingu nokkra metra sunnan og vestan við Selnesbæinn, mögulega einhverskonar geymsla. Hnit er tekið af loftmynd og því kann að skeika einhverjum metrum.

Breiðdalsvík 2981-034

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Skurður er sýndur á túnakorti Selness um 160m suður af Selnæsbæ. Skurðurinn er nú horfinn undir seinni tíma mannvirki.



Mynd 12. Horft til norðurs yfir þéttbýlið. Vinstra megin fyrir miðju myndar, á vegamótum, má sjá Gamla Kaupfélagið sem reist var 1906 og er elsta hús bæjarins. Vinstra megin á mynd er klettabelti sem heimamenn kalla Hellur. Hægra megin mynd er svo bæjarstaði Selness, bærinn var þar sem skemma með bláu þaki stendur skammt ofan fjöru.

Aðrar upplýsingar

Hnit eru tekin af hnitsettu túnakorti og því kann að skeika einhverjum metrum

Breiðdalsvík 2981-035

Sérheiti: Félagshús

Hlutverk: Vörugeymsla

Tegund: Heimild

Aðrar upplýsingar

¹⁵ Sarpur: <https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=1696501>



Mynd 13. Yfirlitsmynd af byggðinni við Selnesbót um 1910. Vinstra megin á mynd má sjá Selnesbæinn hvítmálaðan. Vinstra megin hans er svo grunnur verslunarhúss sem brann 1906 [2981-027]. Hægra megin á mynd má svo sjá verslunarhúsin í víkinni vestanverðri. Fyrir miðju er Gamla Kaupfélagshúsið sem enn stendur. Hægra megin við það má sjá Félagshúsið [2981-035] byggt 1888, nú horfið. Vinstra megin er bygging [2981-036] mögulega þvotta- og þurrkhús. Fram í sjó liggur fyrsta bryggjan [2981-037] sem byggð var 1908 en orðin ónýtt 1918. Í forgrunni má svo sjá götu [2981-043] sem liggur eftir brekkunni að verslunarhúsunum. Myndin er tekin eftir mynd í eigu Björns Björgvinssonar, ljósmyndari Ólafur Oddsson.

Á mynd 13 má sjá verslunarhúsin í víkinni um 1910. Fyrir miðri mynd er kaupfélagshúsið sem byggt var 1906 og stendur enn. Hægra megin við það á myndinni er svo elsta hús Breiðdalsvíkur, Félagshúsið, byggt af Gránufélaginu. Í undirmati fasteigna frá 1916-18 (bls. 356) segir um húsið: Vörugeymsluhús Breiðdalshrepps. Húsið er 6,32x5,67x2,52m. Gamalt timburhús með járnvörðu þaki byggt um 1888. Í Breiðdælu (bls. 182) segir: „Hvenær Gránufélagið sendir vöruskip fyrst til Breiðdalsvíkur veit ég ekki með vissu [...] en 1878 var það farið að senda þangað vöruskip, og rétt eftir 1880 lét félagið reisa vörugeymsluhús við Selnesbót. Voru þar afgreiddar vörur og tekið á móti ull. Var þetta fyrsta verslunarhúsið sem reist hefir verið við Breiðdalsvík.“

Breiðdalsvík 2981-036

Hlutverk: Óþekkt, kofi

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í gagnagrunninum Sarpi er að finna ljósmynd sem tekin er um 1911¹⁶ og sýnir verslunarhúsin í vestanverðri Selnesbótinni. Fyrir miðri mynd er kaupfélagshúsið sem byggt var 1906 og stendur enn. Hægra megin á myndinni um 15m austan við kaupfélagshúsið má sjá timburhús, líklega skemmu.

¹⁶ Sarpur: <https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=1696497>

Aðrar upplýsingar

Úr undirmati fasteigna frá 1916-18 (bls. 356) er verslunarhúsunum svo lýst: „Breiðdalsvík (verslunarstaður). Eigandi: H/fje. Framtíðin á Seyðisfirði. Verzlunarstj. Guðm. Bjarnason. Íbúðar- og verslunarhús, 12x8m. Tvílyft timburhús með kjallara, alt járnvarið, með veggsvölum á suðurhlíð. Bygt 1906. Vöruhús, 9x6x hæð í mæni 5m. Timburhús með járnþaki. Þvottahús, 5,5x3,5x3,25m. ásamt þurkhúsi, úr timbri, járnvarið. Fjós með torfveggjum og risi af timbri, járnvarið, fyrir 2 kýr og 20 hænsn.“

Breiðdalsvík 2981-037

Hlutverk: Bryggja

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Á mynd 13 má sjá verslunarhúsin í vestanverðri Selnesbótinni. Framan þeirra er trébryggja. Í söguágripum sem Guðjón Sveinsson skrifaði í tengslum við gerð nýs aðalskipulags Breiðdalsvíkur 1983 segir: Fyrsta bryggjan á Breiðdalsvík var reist 1908, lítil staurabryggja beint niður af verslunarhúsinu, sem reist var 1906. Hafisveturinn 1918 brotnaði bryggjan og varð ónýtt. Hún var endurbýggð [2981-042] sama ár á klöpp litlu vestar en hún hafði verið.“

Breiðdalsvík 2981-038

Hlutverk: Hlaða, hænsnakofi, óþekkt


Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Um 25m beint norður af þar sem gamli Selnesbærinn stóð má á loftmynd frá 1957 (sjá mynd 2) sjá leifar samstæðu þriggja útihúsa og tóft af íshúsi.

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður Sævar Björgvin Sigfússon segir húsið norðvestan til í samstæðunni hafa verið hlöðu og hænsnakofi austan hennar. Óvíst er hvaða hlutverk suðvestasta húsið hafði en heimildamenn töldu húsið austan þess hafa verið íshústóft sem Guðjón Sveinsson getur í greinargerð sinni með aðalskipulagi 1983. Hnit á húsunum er sett inn eftir loftmynd frá 1957 og því kann að skeika einhverjum metrum.



Mynd 14. Stækkun úr loftmynd frá 1957 sem sýnir tvær útihúsa-samstæður frá Selnesbæ. Vestan vegar [2981-038] og austan vegar [2981-031]. (LMI-Kort-LI222-LI2-5239)

Breiðdalsvík 2981-039

Hlutverk: Íshús

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Um 25m beint norður af þar sem gamli Selnesbærinn stóð má sjá leifar samstæðu þriggja útihúsa og tóft af íshúsi.

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður Sævar Björgvin Sigfússon segir húsið norðvestan til í samstæðunni hafa verið hlöðu og hænsnakofi austan hennar. Óvíst er hvaða hlutverk suðvestasta húsið hafði en Sævar og Björn töldu húsið austan þess hafa verið íshústöft þá sem Guðjón Sveinsson getur í greinargerð sinni með aðalskipulagi Breiðdalsvíkur 1983. Þar segir „Eitt fyrsta og kannski fyrsta iðnaðarhús sem kalla má því nafni, var íshús reist um 1920 á þeim stað er verslunarhús Brynesverslunar stóð. Hús þetta var í sambandi við fyrstu stórútgerð á Breiðdalsvík, en þá var keyptur hingað og gerður út 14 lesta þilfarsbátur, Síðu-Hallur. Íshús þetta hefur nú verið jafnað við jörðu.“

Húsið fær sama hnit og verslunarhúsin [2981-027]. Hnit á húsinu er sett inn eftir loftmynd frá 1957 og því kann að skeika einhverjum metrum.

Breiðdalsvík 2981-040

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Heimild

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður, Björn Björgvinsson man eftir brunni við suðausturhorn bílaverkstæðis þegar það var í byggingu. Þarna mun hafa verið aðal brunnurinn fyrir Selnesbæinn.

Breiðdalsvík 2981-042

Hlutverk: Bryggja

Tegund: Hleðsla

Staðhættir og lýsing

Í sjónum sunnan við þar sem Gamla Kaupfélagið stendur er grjóthrúga í sjónum.

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður, Björn

Björgvinsson segir þetta vera leifar bryggjunnar sem byggð var 1918. Í söguágripum sem Guðjón Sveinsson skrifaði í tengslum við gerð nýs aðalskipulags Breiðdalsvíkur 1983 segir um bryggjuna: Fyrsta

bryggjan á Breiðdalsvík var reist 1908, lítil staurabryggja beint niður af verslunarhúsinu, sem reist var 1906. Hafisveturinn 1918 brotnaði bryggjan og varð ónýtt. Hún var endurbyggð sama ár á klöpp litlu vestar en hún hafði verið. Var mannvirki þetta nokkuð veglegra hinu fyrra og endaði í hlöðnum hnaus styrktum timburverki og steinsteypu dekki. Þessi bryggja er nú svo gott sem horfin.“ Ef skoðuð er loftmynd frá 1957¹⁷ sést bryggjan neðan Kaupfélagshússins, um 20-30m innan við þar sem upphaflega bryggjan var.



Mynd 15. Grjóthleðslan sem sjá má í sjónum vinstra megin fyrir miðju myndar eru leifar bryggjunnar [2981-042] sem byggð var 1908.

¹⁷ Síða Landmælinga Íslands: www.lmi.is.

Minjar vestanvert í Breiðdalsvík

Breiðdalsvík 2981-001

Eldra númer: 182076-184 - 75

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 5m neðan Sæbergsvogar, vestanvert í vikinni sem þorpið stendur við er fjárhústóft.

Lýsing


Fjárhústóftin er um 11 x 7m að utanmáli, snýr nálega norður-suður með dyr til suðurs. Tóftin er grjót- og torfhlaðin, vel gróin en grjót enn greinanlegt í hleðslum. Garði er eftir tóftinni miðri. Mesta veggghæð er 1,5m og veggþykkt er 1m.

Aðrar upplýsingar

Við fornleifaskráningu 2003 sagði Guðjón Sveinsson þetta vera fjárhús Einars Björnssonar (f. 1880) frá því á fyrri hluta 20. aldar.



Mynd 16. Horft til austurs yfir fjárhústóft [2981-001].



Mynd 17. Skjáskot sem sýnir minjar vestanvert í Breiðdalsvík. Hægra megin við fjárhústóft Einars Björnssonar [2981-002] má sjá uppistandandi fjárhús og hrútakofa sem voru í eigu Þorgríms Guðmundssonar frá Selnesi. Þessi hús voru byggð eftir 1930. (LMI-Kort-LI222-LI2-5239)

Breiðdalsvík: 2981-002**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Heimild**Staðhættir og lýsing**

Á loftmynd frá 1957 (LMI-Kort-LI222-LI2-5239) má sjá tóft skammt ofan við fjárhústóft [2981-001]. Tóftin er núna horfin undir veg.

Aðrar upplýsingar

Hnit var tekið af eldri loftmynd og getur því skeikað einhverjum metrum.

Breiðdalsvík: 2981-003**Hlutverk:** Matjurtagarður**Tegund:** Hleðsla**Staðhættir**

Um 30m SV af fjárhústóft [2981-001] eru leifar matjurtgarðs.

Lýsing

Garðurinn er afmarkaður með lágu garðlagi undan girðing á háum bakka ofan fjöruborðs. Hann er 8x12m að stærð.

Aðrar upplýsingar

Garðurinn sést á loftmynd frá 1957 en aldur er óviss.

Breiðdalsvík: 2981-004**Sérheiti:** Réttin í

Hellunum

Hlutverk: Rétt**Tegund:** Hleðsla**Staðhættir**

Um 30m vestur af húsunum á Ásvegi 29 og 31 er rétt hlaðin á milli klettaveggja.


Lýsing

Réttin er mynduð með því að hlaðinn hefur verið þverveggur milli tveggja klettaveggja sunnantil í klettagjá og síðan hefur

verið hlaðið upp við klettana til að varna því að fé slyppi út. Hleðslan er nokkuð hrunin, hæð veggjar er mest 1m og veggjaþykkt um 70cm. Réttin er breiðust um 13m og 30m að lengd.

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður, Björn Björgvinsson hefur eftir Þórði Þorgrímssyni frá Selnesi (fæddur 1930) að faðir hans hafi haft afgirt tún í brekkunni utan við Hellur, frá Arnarþúfu (Sæberg 19) og niður undir núverandi veg. Efri hluti túnsins í brekkunni var heldur ofar en á móts við núverandi bensínstöð. Gaddavírgirðing var með veginum og líka gaddavírsstrengir ofan á



Mynd 18. Horft til norður yfir gamla rétt [2981-004] upp af nyrsta húsinu við Ásveg.

grjóthleðslu sem er upp Hellunum. Þetta var líka aðhaldsgirðing til að reka kindur inn í réttina sem kölluð var Réttin í Hellunum. Á loftmynd frá 1957 má sjá einhverjar hleðslur framan við réttina, mögulega fyrirhleðsla eða matjurtagarður. Þarna er nú trjárækt og erfitt að greina hleðslur.

Breiðdalsvík: 2981-005

Hlutverk: Óþekkt, fyrirhleðsla

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Einföld steinalögn liggur norður-suður meðfram klettabrún á um 13m löngum kafla.

Aðrar upplýsingar

Steinaröð undan girðingu sem hluti af aðheldi fyrir fé. Heimildamaður Björn Björgvinsson hefur eftir Þórði Þorgrímssyni frá Selnesi að hann hafi í æsku aðstoðað við að hlaða grjóti í klaufarnar sem eru í Hellunum.



Mynd 19. Einföld steinaröð [2981-005] á klettabrún. Horft í norður.

Breiðdalsvík: 2981-006

Hlutverk: Undan girðingu

Tegund: Steinalögn

Staðhættir

Um 70m löng steinalögn liggur frá norðri til suðurs eftir endilöngu berginu (Hellunum) vestan bæjarins. Um er að ræða línu af nokkuð stórum steinum sem voru undirstaða undir vírgirðingu.



Mynd 20. Einföld steinaröð [2981-006] undan girðingu liggur eftir endilöngum Hellum, klettabeltinu vestan bæjarins. Horft í norður.

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður, Björn Björgvinsson hefur eftir Þórði Þorgrímssyni frá Selnesi (fæddur 1930) að faðir hans hafi hafi haft afgirt tún í brekkunni utan við Hellur, frá Arnarþúfu (Sæberg 19) og niður undir núverandi veg. Efri hluti túnsins í brekkunni var heldur ofar en á móts við núverandi bensínstöð. Gaddavírgirðing var með veginum og líka gaddavírsstrengir ofan á

grjóthleðslu sem er uppi á Hellunum. Þetta var líka aðhaldsgirðing til að reka kindur inn í réttina sem kölluð er Réttin í Hellunum.

Breiðdalsvík: 2981-007**Hlutverk:** Fyrirhleðsla**Tegund:** Hleðsla**Staðhættir og lýsing**

Hleðsla liggur framarlega á berginu vestan þorpsins, er um 3m á lengd og um 60cm á breidd.

Aðrar upplýsingar

Er ein þeirra hleðsla sem tengjast sauðfjárhaldi í þorpinu.

Breiðdalsvík: 2981-008**Hlutverk:** Smalakofi**Tegund:** Tóft**Staðhættir og lýsing**

Tóftin er grjóthlaðin og liggur við steinalögn [2981-006]. Hún er hálf-bogadregin, um 2x3m að utanmáli með op til vesturs. Hleðslan er heldur óvönduð og hrunin, um 70cm á hæð og 60cm breið.

Aðrar upplýsingar

Tilgangur tóftarinnar er óþekktur en ekki ólíklegt að þetta sé tengt búfjárhaldi uppi á Hellunum. Hleðslan virðist að hluta til ekki ýkja gömul. Gæti þó verið endurhlaðin.



Mynd 21. Kofatóft [2981-008]. Horft í SA.



Mynd 22. Á vinstri mynd eru hleðslur [2981-009] en á hægri myndinni hrunin kofatóft [2981-010]

Breiðdalsvík: 2981-009**Hlutverk:** Fyrirhleðsla**Tegund:** Hleðsla**Staðhættir og lýsing**

Hleðsla liggur milli klettaveggja við hliðina á mastri sem er á svokallaðri Arnarþúfu, klettabrún vestan og ofan hússins við enda götunnar Sæbergs. Hleðslan er óvönduð um 3m á lengd, 40cm á breidd og 60cm á hæð, mjög hrunin. Líklega undan girðingu. Lítil hleðsla er einnig upp við sprungu í klettaveggnum.

Aðrar upplýsingar


Er ein hleðslanna sem tengjast sauðfjárhaldi í þorpinu.

Breiðdalsvík: 2981-010**Hlutverk:** Óþekkt, smalakofi?**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Uppi á klettunum um 50m ofan við húsið Sæberg 16, fast austan við göngustíg, eru leifar af kofatóft. Veggir eru hrundir og mynda eitt lag af grjóti. Ekki er hægt að greina veggjahæð eða þykkt.

Aðrar upplýsingar

Líklega tengt þeim fjárbúskap sem fram fór uppi á Hellunum á fyrri hluta 20. aldar.



Mynd 23. Á myndinni vinstra megin eru hleðslur [2981-011] hægri myndin er af hleðslum [2981-012].

Breiðdalsvík: 2981-011**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Hleðsla

Staðhættir og lýsing

Klettagjá liggur upp frá húsi nr. 13 við götuna Sæberg. Í gjánni eru nokkuð veglegar hleðslur, um 1m á hæð og um 60cm á breidd. Virðast fremur nýlegar en gætu verið endurhleðsla eldri veggja.

Breiðdalsvík: 2981-012

Hlutverk: Fyrirhleðsla

Tegund: Hleðsla

Staðhættir og lýsing

Um 20m ofan og vestan við hús nr. 14 við götuna Sæberg, er hleðsla milli tveggja klettaveggja. Hleðslan er um 3m löng og rétt um 40cm á hæð þar sem hæst. Gæti verið hleðsla undan girðingu.



Mynd 24. Hleðsla [2981-013]

Breiðdalsvík: 2981-013

Hlutverk: Fyrirhleðsla

Tegund: Hleðsla

Staðhættir og lýsing

Um 20m ofan og vestan við hús nr. 14 við götuna Sæberg, er nokkuð vegleg hleðsla milli tveggja klettaveggja. Hleðslan er um 10m löng, 1m á breidd og 50cm á hæð.

Breiðdalsvík: 2981-014

Hlutverk: Smalakofi

Tegund: Hleðsla

Staðhættir og lýsing

Uppi á Hellum er hleðsla upp við stóranáttúrusteina. Hleðslan myndar byrgi um 1.5x2m á stærð. Veggir eru hæstir 30cm og um 40cm á þykkt. Op er á hleðslunni til vesturs.



Mynd 25. Horft til austurs yfir smalaþyrgi [2981-014].

Breiðdalsvík: 2981-022

Hlutverk: Leikstaður, smalakofi?

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Í klettagjá nyrst í Hellum eru tveir smá kofar hlaðnir upp við sitt hvorn klettavegginn.

Lýsing

Hleðslur eru uppi við stóra steina og klettavegginn. Myndar litla tóft um 1.5x1m að stærð. Hleðslan er nokkuð óvönduð um 70cm á hæð og rétt um 30cm á breidd.

Aðrar upplýsingar

Gæti verið leikstaður barna.



Mynd 26. Hleðslur nyrst í Hellunum. Til vinstri er hleðslan [2981-022] við vestari vegginn en til hægri er hleðslan [2981-022] við austari vegginn.

Breiðdalsvík: 2981-023

Hlutverk: Leikstaður, smalakofi?

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Í klettagjá nyrst í Hellum eru tveir smá kofar hlaðnir upp við sitt hvorn klettavegginn.

Lýsing

Hleðsla afmarkar smá grjóttóft um 2x1.5m að stærð. Hleðslan er hæst um 40cm og um 40cm á þykkt.

Aðrar upplýsingar

Gætu verið leikstaður barna en einn kann að hafa verið setið yfir fé þarna.

Breiðdalsvík: 2981-041

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Aðrar upplýsingar

Túnakort er til fyrir Breiðdalsvík frá 1919. Líklega er um að ræða túnakort af verslunarstaðnum við vestanverða Selnesbótina. Heimildamaður, Björn Björgvinsson segir verslunarstaðinn hafa gengið undir þessu nafni. Þarna eru skv. túnakortinu fjórir sáðgarðar en ekki er hægt að staðsetja túnið, né minjarnar á því. Líklegt er að reitirnir sem eru neðst á myndinni séu verslunarhúsin við ströndina (Gamla Kaupfélagið, Félagshúsið [2981-035] og skemma [2981-036]) en allir reitirnir eru þó merktir sem sáðreitir á kortinu. Matjurtagarðurinn sem sýndur er í túnskikanum er skráður hér en nánari staðsetning er ekki þekkt.



Mynd 27. Túnakort Breiðdalsvíkur.

Breiðdalsvík 2981-043

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Á ljósmynd frá því um 1910 (mynd 11) má í forgrunni sjá götu sem liggur eftir brekkunni vestast í vikinni niður að verslunarhúsunum. Í söguágripi Guðjóns Sveinssonar með aðalskipulagi Breiðdalsvíkur segir: „Lagning bílvega hefst í Breiðdalsvík um miðjan þriðja áratuginn. Þjóðvegur niður í þorpið á Breiðdalsvík lá beinustu leið að kaupfélaginu en ekki lengra. Þessi vegur var, þar sem nú er Ásvegur (kenndur við íbúðarhúsið Ás).“ Þessi vegur hefur líklega verið á svipum og Ásvegur er nú.

Breiðdalsvík: 2981-044

Hlutverk: Fjós, hænsnakofi

Tegund: Heimild

Aðrar upplýsingar

Í undirmati fasteigna frá 1916-18 (bls. 356) er talið upp með gamla kaupfélagshúsinu „Fjós með torfveggjum og risi af timbri, járnvarið, fyrir 2 kýr og 20 hænsn.“ Ekki vitað hvar var.

Samantekt

Alls voru 44 minjar skráðar innan afmarkaðs deiliskipulagsreits á Breiðdalsvík. Þar af voru 23 minjar staðsettar á vettvangi en 20 minjanna (45%) voru horfnar. Þar sem hægt er að áætla legu horfinna minja út frá loftmyndum, túnakorti eða frásögn heimildamanna eru þær hnitsettar og í þeim tilvikum má reikna með einhverri skekkju. Þrjár tóftir [2981-015, 016 og 017] eru við eða skammt utan útmarka deiliskipulagsins en vegna nálægðar við það eru þær hafðar með í skýrslunni.

Tafla 1. Fjöldi minja á skipulagssvæðinu.

Jörð	Úr heimildum án hnita	Úr heimildum með hnitum	Minjar skráðar á vettvangi	Samtals
Breiðdalsvík	3	18	23	44

Samkvæmt lögum um menningarminjar teljast allar minjar eldri en 100 ára vera fornleifar. Því voru skráðar minjar frá því um eða fyrir 1923. Aldur minja er þó oft óviss og einhverjar minjanna sem skráðar voru falla líklega ekki enn undir 100 ára reglu laga um menningarminjar. Þær eru þó allar frá fyrstu áratugum 20. aldar og eru minnisvarði um upphaf og þróun byggðar í þorpinu. Minjar í bæjarlandinu skiptast í þrjá flokka, í fyrsta lagi eru minjar tengdar búskap á Selnesi, í öðru lagi minjar tengdar sögu verslunar og í þriðja lagi minjar tengdum búskap í bæjarlandinu.

Minjar í landi Selness

Býlið Selnes er stofnað út úr landi Þverhamars árið 1906 og þar var búið fram yfir miðja 20. öld. Nú liggur land Selnes jarðarinnar á iðnaðarsvæði og því stór hluti minjanna horfinn vegna seinni tíma framkvæmda. Þó eru nokkrar minjar enn sýnilegar og má þar nefna brot af túngarði [2981-018] og leifar matjurtagarðs [2981-019] skammt austan götu ofarlega á Selnesinu. Tóftaleifar tveggja útihúsa [2981-020 og 2981-017] eru skammt norðan við túngarðsvegginn og norðan þeirra eru leifar tveggja kofa [2981-015 og 2981-016]. Hleðsluleifar eru svo um 60m sunnar sem kunna að vera leifar fjóss [2981-021]. Bærinn og aðrar minjar sem sýndar eru á túnakorti eru nú horfnar.

Minjar tengdar verslun

Allar menjar um verslun, aðrar er Gamla Kaupfélagshúsið, eru nú horfnar. Húsið er enn uppistandandi og í notkun og því ekki talið með í skýrslunni.

Minjar í bæjarlandinu

Aðrar minjar í bæjarlandinu tengjast allar búskap þar. Vestast við Selnesbót eru leifar fjárhústóftar [2981-001] fast austan Breiðdalsvíkurveggar þar sem hann liggur inn í bæinn að sunnanverðu. Upp við klett skammt sunnan fjárhústóftarinnar eru hleðsluleifar [2981-003], líklega matjurtagarður. Aðrar minjar eru uppi á Hellunum vestan þorpsins. Nyrst er grjóthlaðin rétt [2981-004] í klettaklauf sem nýtt var af Selnesbændum. Uppi á Hellunum er löng steinalögn undan girðingu sem afmarkaði tún austan klettanna og var einnig aðhaldsgirðing til að smala í réttina. Víða má finna hleðslur [2981-005, 007, 009, 011, 012 og 013] í gjám í klettunum sem voru hlaðnar til að koma í veg fyrir að fé slyppi um þær. Leifar tveggja

grjóthlaðinna kofa [2981-008 og 2981-010], líklega smalabyrgja, eru einnig uppi á Hellunum. Þrennar smáhleðslur [2981-014, 022 og 023] eru við kletta nyrst á Hellunum, gætu verið smalakofar, jafnvel leiksvæði barna.

Hættumat

Við fornleifaskráningu er metið hvort minjar séu í fyrirsjáanlegri hættu af völdum umhverfisaðstæðna eða framkvæmda. Allar minjar í bæjarlandi Breiðdalsvíkur geta talist í einhverri hættu vegna nálægðar við þéttbýlið. Því eru allar sýnilegar minjar metnar í hættu þó svo að engin áform um framkvæmdir hafi legið fyrir við skráninguna. Af þeim 23 minjum sem fundust við skráninguna eru sjö taldar í mikilli hættu, eða 30%. Þær eru austan Selnesvegjar í landi Selnes bæjarins [2981-015, 016, 017, 018, 019, 020 og 031]. Þar er iðnaðarsvæði og t.a.m. er nýlegur jarðvegshaugur skammt frá leifum túngarðs (sjá mynd 5). Ef farið verður í framkvæmdir eða breytingar verða á núverandi skipulagi þarf að endurskoða hættumatið.

Lokaorð

Byggð í Breiðdalsvík hófst skömmu fyrir aldamótin 1900. Allar minjar sem fundust við vettvangsskráningu eru frá fyrstu áratugum 20. aldar. Aðrar minjar hafa horfið vegna uppbyggingar kaupsinsins.

Samkvæmt lögum um menningarminjar (nr. 80, 2012) er óheimilt með öllu að hrófla við fornleifum án leyfis Minjastofnunar Íslands. Mikilvægt er að minjar séu skildar eftir í sama ástandi og komið var að þeim. Minjar geta leynst neðanjarðar þótt þær sjáist ekki á yfirborði. Komi minjar óvænt upp við framkvæmdir ber þegar í stað að stöðva þær og tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands.

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir:

Guðjón Sveinsson (1982). *Söguágrip Breiðdalsvíkur*. Greinargerð með aðalskipulagi Breiðdalsvíkur frá 1983.

Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga og Anna Rut Guðmundsdóttir (2004) *Fornleifaskráning vegna aðalskipulags Breiðalshrepps*. Rannsóknaskýrslur Byggsafns Skagfirðinga 2004/29.

Íslenskt fornbréfasafn VI. 1245-1491. Hið íslenska bókmenntafélag, 1923-1931.

J. Johnsen (1847). *Jarðatal á Íslandi*. S. Trier.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi 3. bindi. (1976). Búnaðarsamband Austurlands.

Þorsteinn Stefánsson (1948). Verslun í Breiðdal. Í Breiðdælu, drögum til sögu Breiðdals. Jón Helgason og Sefán Einarsson (ritstj.). Reykavík: Prentsmiðja Jóns Helgasonar.

Örnefnaskrár:

Örnefnaskrá Þverhamars skráð af Þorsteini Stefánssyni eftir Höskuldi Jónssyni frá Streiti. Örnefnastofnun Íslands.

Túnakort

Túnakort Breiðdalsvíkur frá 1919. Teiknari Þorsteinn Stefánsson, Þverhamri.

Túnakort Selness frá 1919, Teiknari Þorsteinn Stefánsson, Þverhamri.

Netsíður:

Lög um menningarminjar á vef alþingis. Skoðað 13.05.2023

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Undirmat fasteigna 1918 á vef Landsbókasafns. Skoðað 06.06.2023

<http://jardavefur.skjalasafn.is/fasteigna--og-jardamat/#pg-1>

Sarpur. Menningarsögulegt gagnasafn.skoðað 06.06.2023.

<https://www.sarpur.is>

Fylgiskjöl

Breiðdalsvík - hnitskrá

Minjar með hnitum										
Númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur_frá	Aldur_til	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Austun	Norðun
2981-001		fjáhús	tóft	1900	1957	vel greinanleg	hætta	framkvæmdir	736812	485968
2981-002		óþekkt	heimild	1900	1957	horfin			736785	485965
2981-003		matjurtagarður	hleðsla	1900	1957	vel greinanleg	hætta	framkvæmdir	736778	485938
2981-004	Réttin í Hellunum	rétt	hleðsla	1800	1950	vel greinanleg	hætta	trjáækt	737032	486568
2981-005		fyrirhleðsla	hleðsla	1900	1970	vel greinanleg	hætta	framkvæmdir	736980	486344
2981-006		undan girðingu	hleðsla	1920	1900	vel greinanleg	hætta	framkvæmdir	736989	486463
2981-007		fyrirhleðsla	hleðsla	1920	1950	vel greinanleg	hætta	framkvæmdir	736995	486449
2981-008		smalakofi, leikkofi?	tóft	1920	1950	vel greinanleg	hætta	framkvæmdir	736986	486428
2981-009		fyrirhleðsla	hleðsla	1920	1950	vel greinanleg	hætta	framvæmda	736948	486282
2981-010		smalakofi?	hleðsla	1920	1950	vel greinanleg	hætta	framkvæmdir	736857	486225
2981-011		óþekkt	hleðsla	1920	2023	vel greinanleg	hætta		736837	486136
2981-012		fyrirhleðsla	hleðsla	1920	1950	vel greinanleg	hætta	framkvæmdir	736829	486122
2981-013		fyrirhleðsla	hleðsla	1920	1950	vel greinanleg	hætta	framvæmda	736822	486116
2981-014		fyrirhleðsla	hleðsla	1920	1950	vel greinanleg	hætta	framkvæmdir	737008	486674
2981-015		óþekkt, kofi	tóft	1920	1970	greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	737331	485998
2981-016		óþekkt, kofi	tóft	1900	1970	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	737332	486001
2981-017		fjáhús, fjós?	tóft	1901	1970	greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	737320	485970
2981-018		túngarður	hleðsla	1901	1970	greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	737297	485938
2981-019		matjurtagarður	garðlag	1901	1970	greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	737301	485937
2981-020		óþekkt	þúst	1901	1970	greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	737307	485944
2981-021		fjós?	hleðsla	1901	1960	greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	737273	485872
2981-022		leikstaður?	hleðsla	1900	2000	vel greinanleg	hætta	framkvæmdir	737022	486639
2981-023		leikstaður?	hleðsla	1900	2000	greinanleg	hætta	framkvæmdir	737039	486644
2981-024	Selnes	híbýli	heimild	1901	1969	horfin			737247	485948
2981-025		matjurtagarður	heimild	1901	1970	horfin			737339	485932
2981-026		skurður	heimild	1901	1970	horfin			737234	485821
2981-027		verslun, híbýli	heimild	1898	1906	horfin			737265	485967
2981-028		útihús	heimild	1901	1970	horfin			737355	485919
2981-029		útihús	heimild	1901	1970	horfin			737394	485924
2981-030		skurður	heimild	1901	1970	horfin			737262	485898
2981-031		hlaða, fjárhús, fjós, hrútakofi	heimild	1901	1970	horfin			737294	485962

Breiðdalsvík - hnitskrá

Minjar með hnitum										
Númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur_frá	Aldur_til	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Austun	Norðun
2981-032		skurður	heimild	1901	1970	horfin			737232	485792
2981-033		óþekkt	heimild	1900	1957	horfin			737244	485929
2981-034		skurður	heimild	1900	1957	horfin			736833	486010
2981-035	Félagshús	vörugeymsla	heimild	1888	1960	horfin			736958	486132
2981-036		óþekkt, kofi	heimild	1906	1960	horfin			737000	486167
2981-037		bryggja	heimild	1906	1960	horfin			737000	486119
2981-038		hlaða, hæsnakofi	heimild	1901	1970	horfin			737254	485976
2981-039		íshús	heimild	1920	1957	horfin			737265	485967
2981-040		brunnur	heimild	1920	1957	horfin			737298	485976
2981-042		bryggja	heimild	1918	1957		hætta	landbrot	736982	486087
Minjar án hnita										
Númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur_frá	Aldur_til	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Austun	Norðun
2981-041		matjurtagarður	heimild	1919	1950	horfin				
2981-043		gata	heimild	1880	1940	horfin				
2981-044		fjós, hæsnakofi	heimild	1906	1930	horfin				

Yfirlitsmynd 1 - minjar
vestan til í vikinni



Yfirlitsmynd 2 - minjar á Selnesi



2981-016
2981-015
2981-040
2981-017
2981-027
2981-031
2981-020
2981-018
2981-019
2981-025
2981-028
2981-029
2981-024
2981-033
2981-030
2981-021
2981-026
2981-032